

EFTIRLITSSKÝRSLA

Húnaþing vestra Syðri Kárastaðir, nærri Hvammstanga



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	12.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Húnaþing vestra	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hvammstangabraut 5	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5405982829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ína B. Ársælsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Hrund Karlsdóttir	Staðsetning	408728,569 549136,39

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit voru skráð þrjú frávik vegna úrgangs í yfirborðslagi, mælinga í grunnvatni og mælinga í yfirborðsvatni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið yfir var í lokunareftirlit með urðunarstaðnum að Syðri Kárastöðum.

Fyrst var staðan á lokunaráætlun skoðuð á fundi. Lokunaráætlun hefur ekki verið uppfyllt af öllu leiti en tvennt stendur þar út af. Mælibrunnar fyrir grunnvatn hafa ekki verið settir niður og á yfirborði urðunarstaðarins fundust bein.

Tillaga að staðsetningu mælibrinna hefur verið unnin af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Einn mælibrunnur var í tillögunni settur fyrir ofan mælistaðinn og tveir neðan til í urðunarstaðnum en ekki alveg fyrir neðan hann. Mikilvægt er að mælibrunnarnir séu fyrir neðan við allan urðaðan úrgang svo að mælingar gefi rétta mynd af því sem urðunarstaðurinn er að skila frá sér.

Vegna skorts á grunnvatnsbrunnum hefur fullnægjandi mælingum fyrir svæðið ekki verið skilað inn en mælingar á yfirborðsvatni hafa verið framkvæmdar í læk fyrir neðan urðunarstaðinn. Slíkar mælingar voru seinast framkvæmdar í september 2016 en engar mælingar eru til fyrir árið 2017.

Farið var á urðunarstaðinn og hann skoðaður. Í yfirborðslagi voru sjáanleg dýrabein og því er þykkt yfirborðslags ekki fullnægjandi.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Við eftirlit fundust bein í yfirborðslagi urðunarstaðarins. Skv. gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun gerir Umhverfisstofnun kröfu um að almenn hreinsun úrgangs sem kanna að vera á yfirborði urðunarstaðarins fari fram um leið og þykkt þekjulags var könnuð.

Gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Niðurstöðum vöktunar grunnvatns hefur ekki verið skilað inn fyrir árin 2015, 2016 og 2017. Skv. gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun skal rekstraraðili skila inn mælingum fyrir stöðu grunnvatns fyrir 1. maí og 1. okt ár hvert. Einnig skal rekstraraðili skila inn mælingum á samsetningu grunnvatns fyrir 1. okt ár hvert.

Gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og

Niðurstöðum vöktunar yfirborðsvatns var ekki skilað inn

vöktun

árið 2017. Skv. gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun skal rekstraraðili skila inn skráningum vegna magns og samsetningu yfirborðsvatns fyrir 1. okt ár hvert.

ANNAÐ

Á eftirlitsfundi var rætt um starfsleyfisumsókn sveitarfélagsins Húnaþings vestra fyrir urðun á óvirkum úrgangi ofan á eldri urðunarstað að Syðri Kárastöðum. Starfsleyfið er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Viðstaddir eftirlitið fyrir hönd Húnaþings vestra voru einnig Unnsteinn Andrússon og Lúðvík Friðrik Ægisson.

Reykjavík, 13.08.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Steinunn Karlsdóttir